

FUNDARGERÐ

554. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 15. desember 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtöldum atriðum yrði bætt á dagskrána:

- Úrskurður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í stjórnsýslukæru Evu Daggar Þorsteinsdóttur vegna ákvörðunar Sýslumannsins á Suðurlandi um að hafna friðlýsingu á æðarvarpi í Dyrhólaey, verður liður II – 17 á dagskránni.
- Erindi frá fulltrúaráði Sólheima í Grímsnesi, verður liður II – 18 á dagskránni.
- Götuheiti í austurhluta Víkurþorps, verður liður III – 5 á dagskránni.
- Beiðni um undanþágu frá fjallskilum vegna fjárfjölda frá Bergi Elíassyni, verður liður II – 19 á dagskránni.
- Íbúafundur 16. janúar, verður liður III – 6 á dagskránni.

Tillagan var samþykkt

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. **Fundargerð fjallskilanefndar vestari frá 7. desember 2016**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
2. **Fundargerð fjallskilanefndar eystri frá 8. desember 2016**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. **Beiðni um undanþágu frá fjallskilum vegna fjárfjölda frá Sigurbjörgu Tracey og Einari Einarssyni**
Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni, en bendir á að æskilegt er að umsóknir um undanþágu frá fjallskilum berist áður en lagt er í söfn.
2. **Bréf frá ÞB verktökum vegna lóðaumsóknar**
Lagt fram bréf frá ÞB. Verktökum þar sem lýst er áformum um byggingar á þeim lóðum sem fyrirtæki sótti um.
Sveitarstjórn þakkar fyrir upplýsingarnar. Ákvörðun um lóðaúthlutun verður tekin fyrir á næsta fundin sveitarstjórnar. Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Eðlilegast er að lóðir séu auglýstar. Meirihluti sveitarstjórnar óskar bókað: Umsækjandi um þessar lóðir sótti um lóðirnar fyrir u.þ.b. ári síðan og þá var bókað í sveitarstjórn að ekki væri hægt að úthluta lóðunum þar sem unnið var að gerð deiliskipulagsins af svæðinu. Hann ásamt öðrum sem sótt höfðu um lóðir var síðan upplýstur um að deiliskipulagið væri frágengið.
3. **Áminning til sveitarstjórnar frá Ólafi Kr. Sigurðssyni**
Lagt fram til kynningar
4. **Upplýsingar frá 9 xing varðandi lóðaumsókn**
 - 4a. **Frekari upplýsingar frá 9 xing**

Lagt fram bréf frá 9 xing ehf. þar sem lýst er frekari áformum um byggingar á þeim lóðum sem fyrirtæki sótti um.

Sveitarstjórn þakkar fyrir upplýsingarnar. Ákvörðun um lóðaúthlutun verður tekin fyrir á næsta fundin sveitarstjórnar.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Eðlilegast er að lóðir séu auglýstar.

5. Bréf frá Ríkiseignum varðandi leigulóðina Fell 163015

5a. Fylgigögn með bréfi frá Ríkiseignum varðandi leigulóðina Fell 163015

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að Ríkiseignir geri langtímasamning við eigendur mannvirkja á leigulóðinni Felli með landnúmer. 163015 í Mýrdalshreppi.

6. Umsókn um lóðirnar V2 nr. 10, 12, 14 í nýju deiliskipulagi fyrir austurhluta Víkurþorps.

Fram var lögð umsókn frá Vilhjálmi Sigurðssyni um lóðirnar sem merktar eru V2, 10, 12, 14 í nýju deiliskipulagi austurhluta Víkur.

Þar sem fleiri en ein umsókn hefur borist um þessar lóðir samþykkir sveitarstjórn að fresta afgreiðslu umsóknarinnar og óska eftir skýrari og ítarlegri greinargerð frá umsækjanda um fyrirhugaða framkvæmd, framkvæmdatíma, rekstrarfyrirkomulag, fjármögnun verkefnisins, mönnun og húsnæðismál væntanlegra starfsmanna.

Sveitarstjórn stefnir að því að afgreiða framkomnar lóðaumsóknir á næsta fundi sveitarstjórnar.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Eðlilegast er að lóðir séu auglýstar.

7. Erindi frá Reyni Ragnarssyni varðandi hjólabáta frá Vík

Þráinn Sigurðsson lýsir sig vanhæfan í þessu málið og vikur af fundi.

Sveitarstjórn lýsir áhuga á að hugmynd um rekstur hjólabáta frá Vík geti orðið að veruleika.

Jafnframt lýsir sveitarstjórn sig reiðubúna til að vinna að því með framkvæmdaaðilum að starfseminni verði fundin hentugt athafnasvæði. ÞS mætir aftur til fundarins.

8. Erindi frá ungmennaráði Umf. Kötlum

Sveitarstjórn vísar erindinu til umfjöllunar í íþrótt- og tólmstundanefnd í tengslum við stofnun Ungmennaráðs sveitarfélagsins.

9. Bréf frá skólameistara FSu frá 5. desember 2016

Sveitarstjórn lýsir þungum áhyggjum af stöð heimavistarmála við FSu og hvetur til þess að strax og línur skýrast um nýja yfirstjórn skólamála í landinu verði á ný þrýst á um varnalega lausn með byggingu heimavistar fyrir nemendur sem lengst eiga að sækja framhaldsskóla við FSu.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er ósammála skólameistara um að fullreynt sé að stjórnvöld fallist ekki á þá sjálfsögðu kröfu að nemendum úr Vestur- Skaftafellssýslu verði gert kleyft að sækja sinn heimaskóla sem er í FSu Selfossi með eðlilegum aðbúnaði nemenda eins og hingað til.

10. Erindi frá Þroskahjálpi frá 7. desember 2016

Lagt fram til kynningar

11. Bréf frá Steinþóri Vigfússyni og Margréti Harðardóttur varðandi umsókn um lóðir í Vík

Í bréfinu draga bréfritarar umsóknina til baka. Sveitarstjórn þakkar framkomið bréf, en leggur áherslu á að hvergi hefur því verið haldið fram að af hálfu sveitarfélagsins að eingöngu sé unnt að sækja um 4 lóðir í einu skv. umræddu skipulagi. Hinsvegar hefur sveitarstjórn ekki samþykkt takmarkanir á fjölda lóða sem leyfilegt er að sækja um í Vík.

12. Umsókn um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II á Hvambóli

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

13. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi heimagistingar í flokki I á Víkurbraut 10

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins

14. Frekari upplýsingar frá Benedikt Kristinssyni varðandi umsókn hans um hótellóð í Vík

Lagt fram bréf frá Benedikt Kristinssyni f.h. Iceland incoming ehf. þar sem lýst er áformum um rekstur og byggingar á þeim lóðum sem fyrirtækið sótti um.

Sveitarstjórn þakkar fyrir upplýsingarnar. Ákvörðun um lóðaúthlutun verður tekin fyrir á næsta fundin sveitarstjórnar.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Eðlilegast er að lóðir séu auglýstar.

15. Erindi frá ferðapjónustuaðilum varðandi Kötlujökul

Þráinn Sigurðsson vísar af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn tekur undir með

ferðapjónustuaðilum að mikilvægt sé að tryggja eins og kostur er þetta ósnortna svæði við Kötlujökul. ÞS mætir aftur til fundarins.

16. Erindi frá SATS – Samtökum tæknimanna sveitarfélaganna

Sveitarstjórn samþykkir erindið

17. Úrskurður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í stjórnsýslukæru Evu Daggar Þorsteinsdóttur vegna ákvörðunar Sýslumannsins á Suðurlandi um að hafna friðlýsingu á æðarvarpi í Dyrhólaey.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

Lagður fram til upplýsinga. EDP mætir aftur til fundarins.

18. Erindi frá fulltrúaráði Sólheima í Grímsnesi

Lagt fram til kynningar

19. Beiðni um undanþágu frá fjallskilum vegna fjárfjölda frá Bergi Elíassyni

Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni, en bendir á að æskilegt er að umsóknir um undanþágu frá fjallskilum berist áður en lagt er í söfn.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Samningur um kaup á slökkvibíl

Sveitarstjórn samþykkir kaupin og vísar fjármögnun til viðauka við fjárhagsáætlun sbr. lið 3 og 3a á dagskránni.

2. Svar Heilbrigðiseftirlitsins vegna fráveitumála

Sveitarstjórn fagnar afstöðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til framlagðra hugmynda um úrbætur í fráveitumálum í tengslum við aukinn fólksfjölda í Vík í Mýrdal og felur sveitarstjóra að leita tilboða í hönnun fráveitumannvirkja.

3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016 rekstur

Sveitarstjóri gerði grein fyrir nauðsynlegum viðaukum við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2016 og lagði fram meðfylgjandi tillögu að viðaukum við fjárhagsáætlunina. Stærstu liðirnir eru vegna hærri tekna að upphæð 14 milljónir og svo aukin rekstrarútgjöld upp á 1 milljón vegna Kötlu Jarðvangs og 3 milljónir vegna fráveitumála.



Viðaukar við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2016

Rekstur

Samþ. á fundi sveitarstjórnar í desember 2016

Nr.	Málaflokkur	Skýring	Viðauki við fjárhagsáætlun			Samantekt allra viðauka		
			RT Rekstrar tekjur þús. kr.	RÚ Rekstrar útgjöld þús. kr.	Samtala Tekjur - gjöld með viðaukum. þús kr.	Fjárhags- áætlun m/ viðaukum Rekstrar- niðurstaða	Samtala viðauka Rekstrar- niðurstaða	Fjárhags- áætlun m/ viðaukum Rekstrar- niðurstaða
A- hluti								
00	Skatttekjur	Hærri skatttekjur	434.860	0	434.860	420.860	-14.000	434.860
02	Félagsþjónusta		2.315	37.850	-35.535	-35.535	0	-35.535
03	Heilbrigðismál		0	0	0	0	0	0
04	Fræðslu- og uppeldismál		14.200	235.710	-221.510	-221.510	0	-221.510
05	Menningarmál		2.985	24.305	-21.320	-21.320	0	-21.320
06	Æskulýðs- og íþróttamál		15.070	59.170	-44.100	-44.100	0	-44.100
07	Brunamál og almannavarnir		1.100	18.930	-17.830	-17.830	0	-17.830
08	Hreinlætismál		15.850	19.205	-3.355	-3.355	0	-3.355
09	Skipulags- og byggingarmál		7.500	15.520	-8.020	-8.020	0	-8.020
10	Umferðar- og samgöngumál		0	12.700	-12.700	-12.700	0	-12.700
11	Umhverfismál		400	8.285	-7.885	-7.885	0	-7.885
13	Atvinnumál	Katla Jarðvangur	2.440	8.950	-6.510	-5.510	1.000	-6.510
21	Sameiginlegur kostnaður		0	56.780	-56.780	-56.780	0	-56.780
28	Fjármagnsliðir		9.420		9.820	9.820		9.820
			506.140	497.405	9.135	-3.865	-13.000	9.135
Aðrir sjóðir í A- hluta								
31	Eignasjóður		75.122	59.288	15.834	15.834	0	15.834
33	Þjónustumiðstöð		16.605	23.335	-6.730	-6.730	0	-6.730
	A- hluti		597.867	580.028	18.239	5.239	-13.000	18.239
Sjóðir í B- hluta								
57	Félagslegar þjónustuíbúðir		4.730	7.600	-2.870	-2.870	0	-2.870
57	Vatnsveita		5.010	1.370	3.640	3.640	0	3.640
61	Fráveita		6.750	6.010	740	3.740	3.000	740
47	Hítaveita		6.810	7.990	-1.180	-1.180	0	-1.180
55	Leiguíbúðir sveitarfélagsins		4.200	6.530	-2.330	-2.330	0	-2.330
	B- hluti		27.500	29.500	-2.000	1.000	3.000	-2.000
	A- og B- hluti		625.367	609.528	15.839	6.239	-10.000	16.239

3a. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016 fjárfestingar

Sveitarstjóri gerði grein fyrir nauðsynlegum viðaukum við framkvæmdaáætlun Mýrdalshrepps 2016 og lagði fram meðfylgjandi tillögu að viðaukum við áætlunina. Stærsti liðurinn er vegna ákvörðunar sveitarstjórnar um að kaup á nýjum slökkvibíl að upphæð 24 milljónir. Framkvæmdir við byggingu almennra leiguíbúða í sveitarfélaginu 3 milljónir og vegna endurbóta á Sunnubraut 12, 1,5 milljónir. Þá er gert ráð fyrir hærri gatnagerðargjöldum að upphæð 2 milljónir og að frestað er til næsta árs framkvæmdur við skóla að upphæð 2 milljónir og í gatnagerð að upphæð 12 milljónir.



Viðaukar við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2016

Fjárfestingar

Samþ. á fundi sveitarstjórnar í desember 2016

Nr.	Málaflokkur	Skýringar breytinga	Áætlun um stöðu framkvæmda í desember í þúsund kr.	Samantekt allra viðauka		
				Fjárhags-áætlun m/ viðaukun í ágúst	Samtala viðauka	Fjárhags-áætlun m/ viðaukun í desember
A- hluti						
29	Efnahagur - Aðalsjóður	Gatnagerðargjöld	-14.700	-12.700	-2.000	-14.700
29	Efnahagur - Aðalsjóður	Gatnagerð Króktún - Hátún	25.000	25.000	0	25.000
29	Efnahagur - Eignasjóður	Sunnu og Mánabraut	0	12.000	-12.000	0
29	Efnahagur - Eignasjóður	Kaupin á Sunnubraut 12	20.000	20.000	0	20.000
29	Efnahagur - Eignasjóður	Endurbætur á Sunnubraut 12	4.500	3.000	1.500	4.500
29	Efnahagur - Eignasjóður	Byggin leiguíbúða Austurvegi 29-35	3.000	0	3.000	3.000
29	Efnahagur - Aðalsjóður	Lýsing Sunnu og Mánabraut	3.000	3.000	0	3.000
29	Efnahagur - Aðalsjóður	Gangstéttar	3.000	3.000	0	3.000
29	Efnahagur - Eignasjóður	Grunnskóli þak og hiti	0	2.000	-2.000	0
29	Efnahagur - Eignasjóður	Austurvegur 17	6.000	6.000	0	6.000
29	Efnahagur - Eignasjóður	Kaup á slökkvillbil	24.000	0	24.000	24.000
33	Efnahagur - Eignasjóður	Kaup á sláttuvél	800	800	0	800
A- hluti			74.600	62.100	12.500	74.600
Sjóðir í B- hluta						
57	Vatnsveita	Lagnir að nýjum húsum	600	600	0	600
61	Fráveita	Lagnir að nýjum húsum	900	900	0	900
B- hluti			1.500	1.500	0	1.500
A- og B- hluti			76.100	63.600	12.500	76.100

Fjárfesting

Útfærð ákvörðun hvenig viðaukum er mætt

Nr.	Aðgerð	Skýring	Fjárhags-áætlun með viðauka í ágúst	Samtals þús.kr
	Veltufé frá rekstri	Lækkun sem nemur minni framlegð	40.000	50.000
	Handbært fé		35.000	35.000
	Lántaka langtímalán	Lántaka vegna Sunnubr 12 og það sem ráð var fyrir gert	30.000	30.000
	Afborganir langtímalána	óbr.	-29.000	-29.000
	Samtals til ráðstöfunar		76.000	86.000
	Handbært fé í árslok		12.400	9.900

Heildaráhrif framangreindra breytinga vegna reksturs og fjárfestinga er 2,5 milljónir sem mætt verður með lægri tekjuafgangi. Sveitarstjórn samþykkir framlagða viðauka við hvortveggja rekstur og fjárfestingar.

4. Reglur um lóðaúthlutanir í Mýrdalshreppi

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir tillögur að nýjum vinnureglum um lóðaúthlutanir í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir framkomnar vinnureglur og taka þær þegar gildi. Jafnfram eru eldri vinnureglur frá árinu 2005 felldar úr gildi.

5. Götuheiti í austurhluta Víkurþorps

Sveitarstjórn samþykkir að:

Gata sem liggur samhliða og norðan Austurvegar heiti Sléttuvegur.

Gatan sem liggur meðfram væntanlegri raðhúsabyggð heiti Strandvegur.

6. Íbúafundur 16. janúar

Sveitarstjórn samþykkir að haldinn verði íbúafundur 16. janúar þar sem farið verði m.a. yfir stöðu sveitarfélagsins, fyrirhugaðar framkvæmdir og kynntar umsóknir um lóðir og aukinn áhuga á fjárfestingum í Vík.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 514. fundar stjórnar SASS frá 25. nóvember 2016

Lagt fram til kynningar

2. Fundargerð 176. fundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 2. nóvember 2016

Lagt fram til kynningar

3. Fundargerð 29. fundar Hollvínasjóðs Hjallatúns

Lagt fram til kynningar

4. Fundargerð 39. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 7. desember 2016

Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

Ekkert var lagt fram undir þessum lið

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.20.

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Þráinn Sigurðsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson